

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með síðari breytingum.****1. gr.**

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 20. töluliður og orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa sem samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. og 3. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti. Skal veitingahúsum heimilt að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattskil eru gerð.

2. gr.

6. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Húsaleiga, sbr. þó 9. lið 10. gr. reglugerðar þessarar. Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur er til íbúðar eða atvinnurekstrar.

Þegar gisti- eða samkomuhús er selt á leigu til aðila sem í atvinnuskyni annast söluskattskyldan rekstur eða starfsemi í húsinu skal eigi greiða söluskatt af leigutekjum leigusala.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í l. nr. 10 22. mars 1960 með síðari breytingum öðlast gildi 1. okt. 1977.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING**um umferð í Garði, Gerðahreppi, Gullbringusýslu.**

Samkvæmt tillögum hreppsnefndar Gerðahrepps eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Garði, Gerðahreppi:

1. Framúrakstur er óheimill á Garðbraut, frá Réttarholtsafleggjara að Krókvallarhorni.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar frá Kothúsaafleggjara að Bjargarsteini.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, 13. september 1977.

Jón Eysteinnsson.